

um kaup og rekstur á Vestfjarðaskipi.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Jón Skaftason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða nýtt strandferðaskip fyrir reikning ríkissjóðs. Skipið skal vera 600—700 rúmlestir brúttó, byggt til fólks- og vöruflutninga, og skal hluti af farmrými þess búinn kælitækjum.

2. gr.

Skip það, sem um ræðir í 1. gr., skal ríkissjóður reka á leiðinni Vestfjarðahafnir—Reykjavík. Heimahöfn skipsins skal vera Ísafjörður.

3. gr.

Rekstur skipsins er ríkisstjórninni heimilt að fela Skipaútgerð ríkisins eða hverjum þeim aðila öðrum, sem treysta má til þess að annast góða flutningaþjónustu á siglingaleið skipsins með sem hagkvæmustum hætti.

4. gr.

Til framkvæmda skv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 20 milljón króna lán.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vestfirðingar búa enn við erfiðari samgöngur á landi en íbúar annarra landshluta. Á seinustu árum hefur mikil afturför og samdráttur orðið í flugsamgöngum við Vestfirði. Og sjósamgöngurnar eru svo stopular og óhagstæðar, að með þær ríkir mikil og almenn óánægja.

Rætt hefur verið um það við Skipaútgerð ríkisins, að annaðhvort Hekla eða Esja yrðu látnar annast farþega- og vöruflutninga milli Reykjavíkur og Vestfjarðahafna í stað þeirra hringferða um landið, sem þessi skip annast nú að vetrinum. En á sumrin er Esjan, sem kunnugt er, ein í þessum hringferðum um landið.

En þessi málaleitan hefur fengið daufar undirtektir. Og rétt er það, að hvort skipið sem er, Hekla eða Esja, hentar ekki að öllu leyti vel í slíkar ferðir, hafa t. d. óþarflega stórt farþegarými, og eru þar af leiðandi of dýr í rekstri.

Það verður því vart um annað að ræða, ef málið á að fá viðunandi lausn, en að byggt verði nýtt strandferðaskip til að annast farþega- og vöruflutninga milli Vestfjarðahafna og Reykjavíkur. Og í þessu frumvarpi er lagt til, að svo verði gert.

Talið er við hæfi, að slíkt skip væri 600—700 brúttólestir að stærð og hefði farþegarými fyrir 50—60 manns.

Eðlilegast er, að rekstur skipsins yrði falinn Skipaútgerð ríkisins, en þó er þeim möguleika haldið opnum í frumvarpinu, að rekstur þess megi fela hverjum þeim aðila, sem treysta megi til að annast góða flutningaþjónustu á siglingaleið skipsins á hagkvæmasta hátt.

Fyrir nokkrum árum var horfið að því ráði að smíða nýtt skip — Vestmannaeyjaskip — til að annast fólks- og vöruflutninga milli Eyja og Reykjavíkur. Misjafnlega var fyrir þessu fyrirtæki spáð. En nú hefur reynslan skorið úr. Vestmanneyingar hafa fengið öruggar, reglulegar og hagkvæmar sjósamgöngur við Reykjavík, og rekstur skipsins ber sig betur en nokkurs annars skips Skipaútgerðar ríkisins. Heimahöfn Vestmannaeyjaskipsins er Vestmannaeyjar. Á sama hátt er lagt til, að Ísafjörður verði heimahöfn hins fyrirhugaða Vestfjarðaskips.

Þó að ekki sé nákvæmlega vitað, hvað slíkt skip kunni að kosta, er hér lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að taka allt að 20 milljón króna lán vegna byggingar Vestfjarðaskipsins.

Þess skal að lokum getið, að á fundi, sem Fjórðungssamband Vestfjarða hélt haustið 1960 að Bjarkalundi, var einróma skorað á þingmenn Vestfirðinga að hefja þegar baráttu fyrir byggingu sérstaks Vestfjarðaskips, ef ekki fengist breyting á strandferðum til Vestfjarðahafna í hagkvæmara horf.

Á næsta þingi fluttu þeir Bjarni Guðbjörnsson og Sigurvin Einarsson tillögu til þingsályktunar um að skora á ríkisstjórnina að athuga um möguleika á smíði nýs strandferðaskips, sem annist farþega- og vöruflutninga milli Vestfjarða og Reykjavíkur. Tillagan fékk ekki afgreiðslu.

Leitað hefur nú verið samkomulags meðal allra Vestfjarðabíngmanna um flutning frumvarpsins, en það tókst ekki. Munu Vestfjarðabíngmenn Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins hugsa sér að flytja þingsályktunartillögu um málið. — Er málið því flutt í frumvarpsformi að ósk Fjórðungssambands Vestfjarða og fleiri aðila í héraði, og standa að flutningi þess, auk flutningsmanna, þingmenn Framsóknarflokksins í Vestfjarðakjördæmi, en þeir eiga, sem kunnugt er, báðir sæti í efri deild og gátu af þeim sökum einum eigi verið flutningsmenn þess.